

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 27.3.2023
Tilvísun: 20230302938

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt (heimilishjálpar) - þskj. 165, 164. mál; 153. löggj.þ. 2022-2023.

Ríkisskattstjóri móttók þann 10. mars 2023 tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Með frumvarpinu er lagt til að bætt verði inn í lög nr. 90/2003, um tekjuskatt (tskl.), ákvæði í A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna um heimild einstaklinga til að draga frá tekjum sínum útgjöld allt að 1.800.000 kr. vegna heimilishjálpar.

Frumvarp þessa efnis var lagt fram á 151. og 152. löggjafarþingi og veitti ríkisskattstjóri af því tilefni umsögn, dags. 4. desember 2020, sem ítrekast hér með. Til viðbótar þeim ábendingum sem settar voru þar fram þykir ástæða til að vekja athygli á eftirfarandi atriðum:

Ekki kemur fram í frumvarpstextanum sjálfum hvort um einstaklingsbundinn frádrátt er að ræða eða sameiginlegan frádrátt hjóna eða sambúðarfólks. Í greinargerð með frumvarpinu er vísað til þess að um frádráttarbærni frá tekjuskattsstofni einstaklings sé að ræða en ríkisskattstjóri bendir á að mikilvægt er að lagatextinn sjálfur sé almennt afdráttarlaus hvað slík atriði varðar. Í þessu samhengi er sömuleiðis bent á að áhættuþættir leiði óhjákvæmilega af því að engin aldurstakmörk séu tilgreind, annars vegar varðandi það hver getur notið frádráttarins og hins vegar varðandi lágmarksaldur þess sem veitir það vinnuframlag sem teldist grundvöllur frádráttar. Með hliðsjón af eðli þessara starfa, og þess hvar þau eru unnin, þá telur ríkisskattstjóri vert að horfa hvort tveggja til hættu á misnotkun á frádráttarheimild og hættu á mansali, sé ekki miðað við lögræðisaldur.

Þá virðist andlag frádráttar þónokkuð víðtækara en gildir í danskri og sænskri skattframkvæmd. Sem dæmi mætti nefna að í danskri skattframkvæmd heimilast ekki frádráttur vegna sumarbústaða hafi þeir verið í útleigu á árinu. Regla þessi er væntanlega sett til að koma í veg fyrir misnotkun og leiðir til umhugsunar um freistnivanda á öðrum sviðum, s.s. við ræstingu á útleigðu íbúðarhúsnæði. Ennfremur hafa í Danmörku verið settar ítarlegar reglur um hvaða störf geti myndað frádrátt, og þar af leiðandi frádráttarheimildir þess einstaklings sem nýtir sér frádráttinn. Allar greiðslur skulu vera rafrænar. Sá sem innir þjónustuna af hendi má ekki vera búsettur á heimilinu, miðað er við 18 ára aldur og þjónustuveitandi þarf að skila ítarlegri greinargerð um þau verkefni sem innt eru af hendi. Í Svíþjóð skal gerður fyrirfram samningur við fyrirtæki sem veitir frádráttarbæra þjónustu, og sem sækir að loknu verki um greiðslu til skattyfirvalda á þeim hluta reiknings sem varðar frádrátt vegna heimilishjálpar. Verkhættir skulu þar vera nákvæmlega skilgreindir, allar greiðslur skulu vera rafrænar og einstaklingur verður að hafa náð 18 ára aldri til að eiga rétt á frádrætti. Þá er ekki veittur frádráttur vegna vinnu ættingja samkvæmt ítarlegri skilgreiningu.

Vert er að kynna sér skýrslu sænsku ríkisendurskoðunarinnar; RIR 2020 um mat á því hvernig til hefur tekist við þessa framkvæmd.

Ljóst er að breyting á A-lið 1. mgr. 30. gr. ein og sér hrekkur skammt og kveða þyrfti með skýrari hætti á um umgjörð og almenn skilyrði frádráttar af þessum toga, sem auk þess þyrfti að útfæra í reglugerð. Taka þyrfti fram hverjir geta notið skattfrádráttar m.t.t. aldurs og yfirráðaréttar yfir húsnæði, hvort heldur í eigin eigu eða leiguhúsnæði. Afmarka þyrfti með skýrum hætti þá vinnuþætti sem gætu orðið grundvöllur frádráttarheimildar, skjölun og reikningsútgáfu þess sem þjónustuna veitir og hverjir myndu teljast fullgildir veitendur hennar.

Loks er vakin athygli á því að frumvarpið tekur ekki afstöðu til þess, hvort unnt sé að njóta opinberrar fyrirgreiðslu vegna heimilishalds eða annarra þátta á sama tíma og frádráttarheimild er nýtt.

Að öðru leyti vísast til umsagnar ríkisskattstjóra um mál þetta á 151. löggjafarþingi.

Virðingarfyllt,
f.h. ríkisskattstjóra



Helga Valborg Steinarsdóttir



Ingvar J. Rögnvaldsson